

3. gr.

Menntamálaráðuneytið ákveður tímakaup prófnefndarmanna, að fengnum tillögum Iðnfræðsluráðs.

Þóknun prófnefnda miðast við, að prófnefndarmenn undirbúi og dæmi sveinspróf en hafi eftirlitsmann til yfirsetu á prófstað, ef þörf gerist.

Í þeim tilvikum, að ekki sé um sérstakan eftirlitsmann að ræða til yfirsetu á prófstað, skulu prófnefndarmenn skiptast á um að fylgjast með framkvæmd prófsins.

Kostnaður við yfirsetu á prófstað, svo og annar prófkostnaður greiðist af meistara próftaka, sbr. reglugerð um iðnfræðslu.

4. gr.

Við skiptingu þóknunar milli prófnefndarmanna skal fylgja eftirfarandi reglu:

| | |
|-----------------------------------|-----|
| Formaður fær | 40% |
| Hvor hinna prófnefndarmanna | 30% |

Þegar aðilar vikja úr prófnefnd, skal þóknun skipt í hlutfalli við þann nema fjölda, sem hvor aðili prófar.

5. gr.

Ríkissjóður endurgreiðir lögreglustjórum (bæjarfógetum og sýslumönnum) útlagðan kostnað vegna prófnefnda, og skal Iðnfræðsluráð í umboði ráðuneytisins úrskurða réttmæti reikninga, áður en endurgreiðsla fer fram.

6. gr.

Reglur þessar eru settar skv. 3. gr. 38. gr. reglugerðar nr. 143/1967, um iðnfræðslu, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 36/1971, um þóknun prófnefndarmanna í löggiltum iðngreinum.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. febrúar 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

REGLUGERÐ**um leyfi í skólum.****1. gr.**

Í skólum, sem heyra undir menntamálaráðuneytið, skulu leyfi nemenda vera sem hér segir:

I. 1. desember.

II. Jólaleyfi:

1. Í barnaskólum frá og með 19. desember til og með 6. janúar.

2. Í framhalds- og sérskólum frá og með 21. desember til og með 3. janúar.

III. Öskudagur.

IV. Páskaleyfi:

1. Í barnaskólum frá og með mánudegi eftir pálmásunnudag til og með þriðja í páskum.

2. Í framhalds- og sérskólum frá og með miðvikudegi fyrir skírdag til og með þriðja í páskum.

- V. Sumardagurinn fyrsti.
- VI. 1. maí.
- VII. Uppstigningardagur.
- VIII. Hvítasunnuleyfi frá og með laugardegi fyrir hvítasunnu til og með þriðjudegi eftir hvítasunnu. Þó er heimilt að halda próf laugardag eða þriðjudag.
- IX. 17. júní (í skólum, sem þá kunna að vera starfandi).
- X. Heimilt er að veita eins dags leyfi í mánuði í skólum, ef eigi eru önnur sérstök leyfi í þeim mánuði.
- XI. Helgidagar þjóðkirkjunnar, sem eigi hafa þegar verið taldir.

2. gr.

Reglugerð þessi tekur ekki til Háskóla Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi, og falla samtímis úr gildi ákvæði, er kunna að brjóta í bága við hana.

Í menntamálaráðuneytinu, 9. febrúar 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

12. febrúar 1973.

Nr. 42.

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Grímsár og Tunguár.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Grímsár og Tunguár. Heimili þess og varnarþing er í Lundarreykjadalshreppi, Borgarfjarðarsýslu.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða, sem land eiga að laxgengum hluta Grímsár og Tunguár.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda og efla góða fiskgengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði eftir því, sem aðalfundur ákveður hverju sinni. Til þess að slík framkvæmd nái fram að ganga, þarf atkvæði $\frac{2}{3}$ félagsmanna, enda sé þess getið í fundarboði, að slík ákvörðun liggji fyrir fundinum. Félagið nær til allrar veiði á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kosnum á aðalfundi, til tveggja ára í senn. Skulu tveir þeirra kosnir úr hópi veiðiréttareigenda neðan Mávahlíðar og Múlakots, að háðum jörðum meðtöldum. Einn úr hópi veiðiréttareigenda Tunguár og tveir úr hópi veiðiréttareigenda í Grímsá ofan Mávahlíðar og Múlakots. Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema forföll hamli. Kjósa skal fimm varamenn og tvo endurskoðendur til sama tíma, svo og varaendurskoðanda.